

Stjórnarfundur STEFs 25. júní 2025 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn miðvikudaginn 25. júní 2025 að Laufásvegi 40 kl. 10:00.

Fundarmenn: Páll Ragnar Pálsson, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Magnús Jóhann Ragnarsson, Bragi Valdimar Skúlason og Halldór Smárasonar. Sóley Stefánsdóttir boðaði forföll og mætti varamaður hennar, Hrafnkell Pálmason. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 20. maí sl. svo og útdráttur úr fundargerðinni lagt fram og samþykkt.
2. Fundargerð aðalfundar fulltrúaráðs STEFs frá 23. maí lögð fram til upplýsingar.
3. Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum til 25. júní lagt fram.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- Ársreikningur Samtóns 2024

Hvað varðar Samtón var sérstaklega rætt um *Íslensku tónlistarverðlaunin* og þær breytingar sem gerðar voru á hátíðinni í fyrra og þá sérstaklega varðandi verðlaunaflokka. Stjórn STEFs fannst hátíðin almennt takast mjög vel í ár. Einnig var rætt um fyrirhugað nánara samstarf Samtóns við Tónlistarmiðstöðina hvað varðar *Dag íslenskrar tónlistar*.

Undir þessum lið var m.a. rætt um að líklegt sé að nýr stór forleggjari muni koma inn sem meðlimur STEFs og rætt var um þjónustu STEFs við forleggjara almennt. Í því sambandi var rætt um að kynna fyrir meðlimum STEFs þær breytingar sem gerðar voru á samþykktum samtakanna á aðalfundi fulltrúaráðs STEFs í maí og varða sérstaklega forleggjara og erfingja.

4. Miðsumarsúthlutun 2025.
 - Lagt var fram lit yfir úthlutunina ásamt ýmsum tölfræðiupplýsingum

Miðsumarsúthlutun 2025 hefur verið greidd út til 3.716 meðlima STEFs. Þá er einnig nýbúið að úthluta frá NMP, NCB og frá erlendum systursamtökum. Í heild nam Miðsumarsúthlutunin kr. 168.816.000, sem er nokkru hærra (6%) en á síðasta ári (159.515.000). Framundan er nú úthlutun til erlendra rétthafa í gegnum STIM, en sú úthlutun mun líklega hækka nokkuð á milli ára, eða um 13,8% og verður um 259,7 millj. kr.

5. Endurskoðun verklagsreglna stjórnar um styrkveitingar.
 - Lögð voru fram drög að endurskoðuðum reglum ásamt lista yfir styrki stjórnar undanfarin ár.

Undir þessum lið var fyrst afgreidd eldri beiðni um styrk frá stjórn vegna gerð heimildarmyndar um Fróða Finnsson. Ákveðið var að veita umbeðinn styrk.

Á síðasta stjórnarfundum fór fram umræða um styrkveitingar stjórnar og var skýr vilji til að draga úr slíkum styrkjum og þá sérstaklega vegna útgáfu af ýmsum toga, svo og vegna stórafmæla. Stjórn taldi þó nauðsynlegt að hafa áfram til staðar möguleikann á því að stjórn veiti styrki í undantekningartilvikum, s.s. þegar um er að ræða málsóknir meðlima STEFs vegna höfundaréttar sem teljast geta haft fordæmisgildi. Ný drög að verklagsreglum voru síðan samþykkt með smávægilegum breytingum og verða reglurnar birtar á heimasíðu STEFs.

6. Spotify á Íslandi; Misnotkun á markaðsráðandi stöðu o.fl. Umræður.

Framhald á umræðu síðasta stjórnarfundar. Samþykkt var að STEF taki þátt í gerð rannsóknar á íslenska streymismarkaðinum. Rætt var um að gagnlegt væri að slík úttekt hefði einnig einhvern samanburð við stöðuna í öðrum löndum. Framkvæmdastjóri greindi frá því, að hún hafi tekið saman minnisblað um stöðu og veltu Spotify hér á landi. Verður þetta minnisblað sent stjórn eftir fundinn, auk þess sem það verður einnig sent til menningarráðuneytisins sem sýnt hefur málinu áhuga.

7. Ört vaxandi höfundar; Ákvörðun um veitingu viðurkenninga á menningarnótt.

Stjórn velti fyrir sér nokkrum nöfnum og niðurstaðan var að veita eftirfarandi einstaklingum viðurkenningu í ár: Árný Margrét Sævarsdóttir, Kári Egilsson og Nína Solveig Andersen (Lúpína).

8. Öflun lagalista af viðburðum og tónleikum.

Sölu- og innheimtustjóri STEFs hefur komið með athyglisverðar hugmyndir til að hvetja tónleikahaldara til að skila inn lagalistum, en erfiðlega gengur að fá inn lagalista frá öðrum en höfundum, sem jafnframt eru flytjendur og sem sjá sjálf beinan hag að því að skila þeim inn. Stjórn leist ágætlega á tillögurnar og er ákveðið að fela skrifstofunni að útfæra þessar hugmyndir betur.

9. Önnur mál.

Minnt var á að uppskeruhátíð mentorprógráms STEFs, *Vindur í seglum*, færi fram þann 27. júní.

Spurt var um hvernig miðaði vinnu við að samþætta skráningar á ISRC kóðum við gagnagrunn STEFs.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 12:30.